

Sp.

## 352. Tillaga til þingsályktunar

[183. mál]

um endurskipan varnarmálanefndar utanríkisráðuneytisins.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að endurskipa varnarmálanefnd utanríkisráðuneytisins á þann hátt að fulltrúum frá samtökum launþega, vinnuveitenda og sveitarfélaga á Suðurnesjum verði tryggð aðild að nefndinni.

### Greinargerð.

Samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda vegna framkvæmdar varnarsamningsins um veru bandaríska setuliðsins á Keflavíkurflugvelli hljóta jafnan að vera í brennidepli og stöðugri endurskoðun, á meðan bandarískur her dvelur í landinu. Þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að tryggja það betur en hingað til, að hagsmunir Íslendinga í samskiptum þessara aðila verði ekki fyrir borð bornir, og síðast en ekki síst að tryggja það, að fólkið, sem býr í nágrenni Keflavíkurflugvallar, fái tækifæri til áhrifa á hvernig málum er skipað á flugvallarsvæðinu.

Það hefur réttilega verið gagnrýnt á undanförunum árum, að hagsmunaaðilar í nágrennasveitum Keflavíkurflugvallar hafa verið afskiptir um samráð og samstarf um mikilvægar ákvarðanir vegna Keflavíkurflugvallar og þeirrar starfsemi sem þar fer fram og í mörgum tilfellum hefur veruleg áhrif á athafnalíf, byggðaðþróun og aðra mikilvæga þætti er snerta líf fólksins á Suðurnesjum. Ber því brýna nauðsyn til þess, að fulltrúum fólksins, sem býr í nágrenni flugvallarins, verði tryggður réttur til þess að fylgjast með þróun mála á flugvellingum og taka eðlilegan þátt í ákvörðunum. Þetta má tryggja með því að endurskipa varnarmálanefnd og gefa launþega-, vinnuveitenda- og sveitarfélagasamtökum á Suðurnesjum rétt til þess að eiga fulltrúa í nefndinni.

Ástæða er til að samskiptin við bandaríska setuliðið séu í stöðugri endurskoðun. Núverandi skipan mála er á margan hátt ábótavant. Skort hefur mjög á að eftirlit með starfsemi á Keflavíkurflugvelli hafi verið nægjanlegt. Hefur það verið m. a. hlutverk varnarmálanefndar að hafa á hendi þetta eftirlit. Benda má á að starfsemin á Keflavíkurflugvelli hefur m. a. leitt af sér stórfellda olíumengun í jarðvegi á undanförunum árum án þess að nokkuð hafi verið að gert. Vatnsból sveitarfélaga í nágrenni flugvallarins eru í stórhættu vegna þess. Íbúðaröryggi og athafnalífi á Suðurnesjum hefur á þann hátt verið stefnt í stórhættu.

Engum vafa er undirorpið að íbúar Suðurnesja verða jafnan að þola margs konar rask af völdum Keflavíkurflugvallar og þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Sveitarfélög hafa t. d. orðið að veita margvíslega þjónustu, sem kostað hefur sveitarsjóði stórfé á undanförunum árum, vegna starfseminnar á Keflavíkurflugvelli. Ber brýna nauðsyn til að þetta verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar og endurskoðunar þannig að sveitarfélög á Suðurnesjum þurfi ekki að búa við lakari kjör en önnur sveitarfélög í landinu. Þá vinnur að jafnaði fjöldi launþega af Suðurnesjasvæðinu á flugvellingum við ýmis störf og Suðurnesjafyrirtæki veita þar ýmsa þjónustu. Það hlýtur því að vera sjálfsagt lýðræðismál, að fulltrúar þess fólks, sem mestra hagsmuna á að gæta vegna starfseminnar á Keflavíkurflugvelli, hafi rétt til að vera aðilar að nefnd þeirri sem um þessi mál fjallar.